

## FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/860

frá 4. febrúar 2016

**um nánari tilgreiningu á aðstæðum þar sem nauðsynlegt er að veita undanþágu frá beitingu heimilda til niðurfærslu eða umbreytingar skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012<sup>(1)</sup>, einkum 11. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar um skilameðferð er að ræða er nauðsynlegt að skilavöld hafi fullnægjandi leiðbeiningar til að tryggja að úrræðinu um eftirgjöf sé beitt á tilhlýðilegan og samræmdan hátt alls staðar í Sambandinu. Meginreglan um að heimilt sé að beita eftirgjafarúrræðinu á allar skuldbindingar, nema þær séu sérstaklega undanþegnar skv. 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, er grundvallarregla. Því ætti ekki að gera ráð fyrir að skuldbindingar verði alltaf undanþegnar eftirgjöf nema þær sé að finna í skránni yfir skuldbindingar sem eru sérstaklega undanskildar samkvæmt því ákvæði. Raunar ættu skilavöld að stefna að því, um leið og þau hefja gerð áætlana um skilameðferð og mat á skilabærni, að lágmarka undanþágur frá eftirgjöf með það í huga að virða þá meginreglu að hluthafar og lánardrottinn taki á sig kostnaðinn af skilameðferð.
- 2) Almenn meginregla í tengslum við skilameðferð er sú að hluthafar og lánardrottinn ættu að bera tap af skilameðferðinni í samræmi við forgangs röðun krafna þeirra samkvæmt hefðbundinni málsmeðferð vegna ógjaldfærni. Enn fremur ætti að meðhöndla lánardrottina af sama flokki á sama hátt. Í ljósi þessa ætti að skilgreina með skýrum hætti heimildir skilavalda til að undanskilja ákveðnar skuldbindingar, að fullu eða hluta, frá eftirgjöf og flytja tapið áfram yfir á aðra lánardrottina eða, þegar nauðsyn krefur, yfir á skilasjóðinn. Því þarf að skilgreina nákvæmlega aðstæðurnar sem gera lánardrottnum kleift að vera undanskildir eftirgjöf og hvers konar frávik frá meginreglunni um jafna meðferð lánardrottina í sama flokki (svokallaðri meginreglu um jafngildi krafna) verða að vera hófleg, réttlætt með almannahagsmunum og mismuna ekki.
- 3) Mikilvægt er að setja ramma fyrir skilavöld um beitingu valdheimilda þeirra við að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá eftirgjöf við sérstakar aðstæður, sem settar eru fram í 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, til frekari glöggvunar í tengslum við tiltekna sviðsmynd skilameðferðar. Skilayfirvöldum er þó nauðsynlegt að hafa ákveðinn sveigjanleika til að meta hvort undanþágur eru strangt til tekið nauðsynlegar og hóflegar í hverju tilviki fyrir sig.
- 4) Taka ætti ákvörðun um að nota eftirgjafarúrræðið (eða önnur skiláurræði) til að ná markmiðum skilameðferðar í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Á sama hátt ættu þessi markmið skilameðferðar einnig að upplýsa um ákvarðanir sem teknar eru varðandi notkun úrræðisins, þ.m.t. ákvörðunina um að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá beitingu eftirgjafar í tilteknu máli.
- 5) Í samræmi við þessar meginreglur ætti að takmarka getuna til að undanskilja, að fullu eða að hluta, ákveðnar skuldbindingar frá beitingu heimilda til niðurfærslu eða umbreytingar skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB við það lágmark sem nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem réttlæta undanþáguna. Í því skyni ætti heldur að velja þann kost, verði því við komið, að undanskilja skuldbindingu að hluta með því að takmarka umfang niðurfærslu hennar, dugi það til að ná markmiðinu, í stað þess

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

að undanþiggja hana að öllu leyti frá eftirgjöf.

- 6) Beiting valdheimilda í sérstökum tilvikum til að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga, að fullu eða að hluta, ætti ekki að hafa áhrif á ábyrgð skilavalda til að tryggja að stofnanir og samstæður séu tækar til skilameðferðar og að þær búi yfir nægjanlegu fjármagni til að fullnægja lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) til að bera tap við skilameðferð og tryggja endurfjármögnun í samræmi við skilaáætlunina. Í raun verða viðkomandi skilavöld, skv. c-lið 6. mgr. 45 gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að taka tillit til mögulegra undanþága þegar þær tryggja að stofnun hafi nægjanlega burði til að bera tap og hafa getu til endurfjármögnunar. Að því marki sem undanþága tiltekinna skuldbindinga frá eftirgjöf gæti dregið verulega úr þessari getu sem er tiltæk í tengslum við skilameðferð ætti skilavaldið að beina sjónum að líklegri þörf fyrir slíkar undanþágur þegar það setur lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við c-lið 6. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 7) Þar eð möguleiki skilavalds til að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá eftirgjöf skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB er sérstaks eðlis verður mat skilavaldsins að vera vel rökstutt. Ef slíkar undanþágur fælu í sér notkun skilasjóðs ætti skilavaldið að veita haldþæra skýringu á þeim sérstöku aðstæðum sem kalla á undanþágu. Þessi skýring er mikilvæg til þess að framkvæmdastjórnin geti sinnt umboði sínu skv. 12. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB en samkvæmt því verður framkvæmdastjórnin að ákveða, innan 24 klukkustunda frá því að skilavaldið tilkynnir ákvörðunina um að undanskilja tilteknar skuldbindingar, hvort hún ætti að banna eða óska eftir breytingum á fyrirhugaðri undanþágu. Skýringin sem skilavaldið gefur framkvæmdastjórninni ætti að vera hófleg og þar ætti að taka tillit til nauðsynjar þess að halda áfram á grundvelli sérstakra aðstæðna málsins.
- 8) Komi til skilameðferðar ættu skuldbindingar, sem teljast til lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, í meginatriðum alltaf að njóta eftirgjafar eftir því sem þurfa þykir í því skyni að bera tap og endurfjármagna stofnunina, svo fremi skilavöldin sjái einmitt fram á það við skipulagningu skilameðferðarinnar að þessar skuldbindingar myndu stuðla að því að mæta tapi sem og endurfjármögnun, á trúverðugan og raunhæfan hátt. Skilavald ætti, í þeim undantekningartilvikum þegar það þarf að veita undanþágu skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, án þess að hún sé fyrirhuguð í skilaáætluninni og þegar slíkar undanþágur myndu fela í sér notkun skilasjóðs, að útskýra hvaða undantekningartilvik réttlæta undanþáguna og ástæðurnar fyrir því að það hafi ekki getað séð fyrir þessi undantekningartilvik við gerð skilaáætlunarinnar. Beita ætti kröfunni um að útskýra þessa þætti á hóflegan og viðeigandi hátt að því er varðar þörfina fyrir tímanlega skilaaðgerð.
- 9) Beita ætti getu til að undanskilja skuldbindingar frá eftirgjöf skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB með fullu tilliti til meginreglna laga Sambandsins og einkum ætti það ekki að hafa áhrif á verndarráðstafanir sem vernda aðra lánardrottna, einkum meginregluna um að enginn lánardrottinn ætti að taka á sig meira tap en hann hefði bakað sér hefði stofnuninni verið slitið með hefðbundinni ógjaldfærimeðferð („enginn lánardrottinn standi verr“ (NCWO) meginreglan). Þegar skilavöld beita undanþágum skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og við gerð skilaáætlunar ættu þau að hafa í huga að nauðsynlegt er að virða þessar verndarráðstafanir sem og að, séu þær ekki virtar, er hætta er á því það hafi í för með sér bætur til lánardrottna. Sú staðreynd að dómstólar hafa heimild til að endurskoða ákvörðun skilavaldsins um að undanskilja skuldbindingu ætti þó ekki að vera eina ástæðan fyrir frekari undanþágu. Þetta ætti að vera með fyrirvara um að tilhlýðilegt tillit verði tekið til fyrri ákvarðana dómstóla að því er varðar skilaaðgerðir þegar þær eru viðeigandi í þessu sérstaka tilviki.
- 10) Heildargeta skilavaldsins til að veita undanþágur er takmörkuð af þeirri staðreynd að töp sem lánardrottnar taka ekki á sig að fullu vegna undanþága geta aðeins fallið undir fjármögnunarfyrirkomulag vegna skilameðferðar þegar lánardrottnar hafa lagt af mörkum fjárhæð sem er að minnsta kosti 8% af heildarskuldbindingum stofnunarinnar, þ.m.t. eiginfjárgrunnur.
- 11) Taka ætti undanþágur til athugunar í hverju tilviki fyrir sig með því að greina viðeigandi álitamál fyrir hverja hugsanlega ástæðu fyrir undanþágu skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB frekar en að taka til athugunar sérstakt eðli hverrar stofnunar fyrir sig. Nálgun þessi ætti að tryggja samræmda athugun á undantekningartilvikum og forðast ónauðsynlegar raskanir á samkeppni. Taka ætti tillit til einkenna stofnunar (eins og stærðar, samtenginga eða flækjustígs), ef við á, í því skyni að meta hvort aðstæður sem réttlæti að skuldbinding fái undanþágu frá eftirgjöf séu uppfylltar. Einkenni þessi ættu þó ekki sjálfkrafa að réttlæta að

skuldbindingar slíkrar stofnunar fái undanþágu frá eftirgjöf.

- 12) Sumir almennir þættir, eins og markaðsaðstæður, aðstæður við greiðsluþrot eða hve miklu stofnunin hefur tapað, gætu haft áhrif á líkurnar á því að undantekningartilvik, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, komi fram. Slíkir almennir þættir ættu þó ekki að teljast vera frekari óháðar ástæður til að veita undanþágur til viðbótar við þær sem skráðar eru í a- til d-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
- 13) Þegar skilavald skoðar hvort ein eða fleiri aðstæður sem réttlæta undanþágur frá eftirgjöf séu uppfylltar, ætti það að hugleiða frestinn þar til ekki verður lengur hægt að taka á yfirvofandi greiðsluþroti stofnunar með skipulögðum hætti. Þegar skilaáætlanir og lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir hverja stofnun hafa verið skilgreindar og tekið hefur verið á hindrunum í vegi skilameðferðar, er þess vænst að stofnunin búi yfir nægri getu til að standa undir tapi og ráðast í endurfjármögnun. Skilafyrirkomulagið ætti að fylgja skilaáætluninni, þ.m.t. skilastefnunni, nema skilavaldið meti það svo, að teknu tilliti til aðstæðna í umræddu tilviki, að markmiðum skilameðferðar verði náð með skilvirkari hætti með því að grípa til aðgerða sem ekki var kveðið á um í skilaáætluninni.
- 14) Á meðan skilaáætlanir og lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar hafa ekki enn verið samþykktar og þegar takmarkaður tími hefur gefist til að taka ákvörðun um nákvæma framkvæmd skilavaldsins á skilastefnunni, er líklegra að upp komi tilvik þar sem ekki verði hægt að beita eftirgjafarúrræðinu á allar hæfar skuldbindingar innan hæfilegs frests. Ákvörðun um hvað telst „hæfilegur frestur“ ætti að tengjast þeim hraða og þeirri vissu sem er krafist til að ljúka við eftirgjöf fyrir tiltekinn dag til að koma jafnvægi á fyrirtækið á skilvirkan hátt. Þegar ekki er mögulegt að framkvæma öll verkefni sem þörf er á til að gefa eftir tilteknar skuldbindingar fyrir þann dag ætti að líta svo á að ekki sé unnt að koma á eftirgjöf „innan hæfilegs frests“. Byggja skal ákvörðunina um hvenær „erfitt“ samsvarar „ömögulegu“ á þeim viðmiðunum sem skilgreina „hæfilegan frest“.
- 15) Að jafnaði er ekki hægt að gefa eftir skuldbindingar sem falla undir lög þriðja lands að því marki að þær eru ekki undanþegar skv. 2. mgr. 44. gr. Tilhögunin sem kveðið er á um í 55. gr. miðar að því að auka líkurnar á að hægt verði að koma á eftirgjöf með þessar skuldbindingar innan hæfilegs frests. Í 67. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og það er jafnmikilvægt, er kveðið á um heimild skilavalda til að krefjast þess að stjórnandi, skiptastjóri eða annar aðili sem stjórnar stofnun í skilameðferð geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að niðurfærsla eða umbreyting skuldbindinga sem falla undir lög þriðja lands taki gildi. Í ljósi þeirrar staðreyndar að slíkar skuldbindingar falla ekki undir lög ESB er sú hætta þó enn fyrir hendi, í undantekningartilvikum og þrátt fyrir bestu viðleitni af hálfu skilavaldsins, þ.m.t. beitingu heimilda skv. 67. gr., að upp komi vandamál vegna vanhæfni til eftirgjafar á slíkum skuldbindingum innan hæfilegs frests.
- 16) Meðal hindrana sem lúta að framkvæmd eftirgjafar á tilteknum skuldbindingum getur verið sú staðreynd að fjárhæð skuldbindingarinnar er ekki ákvörðuð eða að erfitt er að ákvarða hana á þeim tíma þegar skilavaldið beitir eftirgjafarúrræðinu. Þetta getur átt við um tryggðar skuldbindingar sem eru meira virði en viðkomandi trygging eða skuldbindingar sem eru háðar óvissum atburðum í framtíðinni, t.d. þáttum utan efnahagsreiknings eða ónotuðum skuldbindingum. Hægt er að sigrast á slíkum hindrunum með viðeigandi verðmati, t.d. með því að afturkalla skuldbindinguna og ákvarða verðgildið með matsgerð, með því að nota viðeigandi aðferð við verðmat eða beita „sýndar“ skerðingarhlutfalli.
- 17) Þótt erfitt geti reynst í einhverjum tilvikum að beita eftirgjöf á afleiður, er skýrt kveðið á um það í 49. gr. tilskipunar 2014/59/ESB hvernig beita ætti eftirgjöf á afleiður, þ.e. eftir uppgjör. Sú staðreynd að erfitt gæti reynst að ákvarða jafnaðar fjárhæðir í kjölfar uppgjörs á skömmum tíma ætti ekki að hafa í för með sér sjálfkrafa undanþágu þar eð einnig mætti taka á þessu með viðeigandi aðferðafræði verðmats, eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um skv. 5. mgr. 49. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, einkum þegar bráðabirgðamat fer fram. Með hliðsjón af þessu ætti að krefja stofnanir um að sýna fram á að þær geti veitt nauðsynlegar upplýsingar vegna framkvæmdar verðmats að því er varðar skilameðferð, Skilavöld ættu einkum að tryggja að stofnanir séu í aðstöðu til að veita umbeðnar uppfærðar upplýsingar innan tímamarka samkvæmt skilastefnunni, einkum til að styðja við trúverðugt verðmat áður en og á meðan á skilameðferð stendur skv. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Í viðmiðunarreglunum er að auki mælt fyrir um að skilavöld hugi að því að krefja stofnanir um að afhenda eignir sem hamlar verulega hagkvæmni verðmatsins.
- 18) Í 2. gr. tilskipunar 2015/59/ESB eru hugtökin nauðsynlegir starfsþættir og kjarnastarfsemi skilgreind. Framkvæmdastjórnin hefur heimild til að samþykkja framselda gerð til að tilgreina frekar við hvaða aðstæður ákveðin starfsemi, þjónusta eða aðgerðir gætu fallið undir skilgreiningu á nauðsynlegum starfsþætti eða kjarnastarfsemi. Hvað þetta varðar er arðsemi viðskiptasviðs ein og sér

ekki nægjanleg ástæða til að veita undanþágu frá eftirgjöf skuldbindinga sem varða það viðskiptasvið. Þó má réttlæta undanþágur þegar mikilvægt er að viðhalda kjarnastarfsemi til að ná markmiðum skilameðferðar, þ.m.t. að viðhalda nauðsynlegum starfsþáttum þar sem þeir eflast við það að lykilstarfsemi, þjónusta og viðskipti haldi áfram.

- 19) Skilavöldum er aðeins heimilt að undanskilja skuldbindingar sem krafist er að því er varðar áhættustýringu (áhættuvörn) í tengslum við nauðsynlega starfsþætti ef áhættustýringin (áhættuvörnin) er viðurkennd í varfærmisskyni og er nauðsynleg til að viðhalda starfsemi að því er varðar nauðsynlega starfsþætti þannig að ef áhættuvörminni væri slitið gæti svo farið að samfellu nauðsynlegra starfsþátta yrði stefnt í verulega tvísýnu.
- 20) Einnig er skilavöldum aðeins heimilt að undanskilja skuldbindingar sem krafist er að því er varðar áhættustýringu (áhættuvörn) í tengslum við nauðsynlega starfsþætti ef, í því tilviki að hætt væri við áhættustýringaraðgerð, ómögulegt væri fyrir stofnunina að koma annarri aðgerð á í staðinn með sanngjörnum skilmálum til að viðhalda nauðsynlegum starfsþáttum, til dæmis vegna verðbilla eða óvissu í verðmati.
- 21) Frekara markmið skilameðferðar er að afstýra smiti til að koma í veg fyrir umtalsverð skaðleg áhrif á fjármálakerfið og getur það réttlætt undanþágu frá beitingu eftirgjafarúrræðisins. Einungis ætti þó að veita undanþágu á þessum grundvelli þegar hún er algerlega nauðsynleg og hófleg en einnig þegar smitið er svo alvarlegt að það myndi breiðast út og raska verulega starfsemi fjármálamarkaðar á þann hátt að það gæti valdið alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis eða Sambandsins.
- 22) Beiting eftirgjafarúrræðisins getur falið í sér ákveðna hættu á smiti. Lagaákvæðið um að hafa eftirgjafarúrræðið í tilskipun 2014/59/ESB sem helsta skilaurræðið, ásamt meginreglunni um að lánardrottinnar og hluthafar ættu að taka á sig tap, þýðir að innbyggð áhætta á smiti sem eftirgjafarúrræðið gæti haft í för með sér ætti ekki sjálfkrafa að teljast ástæða til að undanskilja skuldbindingar. Skilavöld ættu því að meta þessar forsendur vandlega og útskýra undanþágu skuldbindingar frá eftirgjöf á grundvelli þess að meiri líkur séu á að hún valdi víðtækri útbreiðslu þeirrar tegundar smits, sem lýst er í c-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, en þær sem ekki eru undanþegnar. Í því skyni ættu þau að grundvalla mat sitt á viðeigandi aðferðafræði, þ.m.t. magngreiningu, til að ákvarða áhættu og alvarleika víðtækrar útbreiðslu smits og alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis eða Sambandsins.
- 23) Þörfin fyrir undanþágu á grundvelli hættu á víðtækri útbreiðslu smits gæti haft áhrif á markaðsaðstæður þegar eftirgjöfin fer fram, einkum þegar greiðsluþrot fyrirtækisins verður þegar fjármálakerfið er undir töluverðu álagi eða rúíð trausti. Áhættan við að beita skilaurræðum og heimildum skilavalds gæti haft umtalsverð bein eða óbein skaðleg áhrif á fjármálastöðugleika og tiltrú markaðar og ætti að fjalla um hana í mati á skilabærni, eins og krafist er í 26. lið C-þáttar viðaukans við tilskipun 2014/59/ESB. Þegar skilavald hefur útilokað skuldbindingu frá eftirgjöf skv. 3. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar á grundvelli hættu á víðtækri útbreiðslu smits er þess vegna búist við að það útskýri hvers vegna ekki hafi verið fjallað um hindranir á eftirgjöf við gerð áætlana um skilameðferð þegar þessar undanþágur teljast hindrun við skilabærni. Skilavald ætti einnig að meta hvort smitáhrif orsakast af, eða verða umtalsvert alvarlegri vegna beitingar eftirgjafarúrræðisins gagnvart viðeigandi skuldbindingu, eða hvort það orsakast í reynd af sjálfu greiðsluþroti stofnunarinnar.
- 24) Hættan á víðtækri útbreiðslu smits gæti verið bein, þegar beint tap sem mótaðilar stofnunar í skilameðferð verða fyrir leiðir til vanskila eða alvarlegs vanda í tengslum við greiðslugetu þessara mótaðila og síðan mótaðila þeirra. Möguleiki á greiðsluþroti einnar eða fleiri fjármálastofnana sem komast í greiðsluþrot eða eiga í erfiðleikum beinlínis vegna eftirgjafar ætti ekki að leiða sjálfkrafa til undanþágu skuldbindinga frá eftirgjöf. Ákvarðanir um undanþágur ættu að vera í réttu hlutfalli við kerfisáhættuna sem bein smitun gæti haft í för með sér.
- 25) Hættan á víðtækri útbreiðslu smits getur einnig verið óbein, til dæmis vegna þess að tiltrú ákveðinna markaðsaðila, eins og innstæðueiganda eða fyrir áhrif eignaverðs, glatast. Glötuð tiltrú á fjármögnunarmarkaði (smá- eða heildsölu) getur verið mikilvæg óbein smitleið — eftirspurn þurrkast upp, krafa um hærri tryggingarþekju almennt eða fyrir stofnanir með svipuð einkenni og stofnun sem stefnir í greiðsluþrot, eða brunaútsala stofnana með lausafjárskort á eignum.

- 26) Eftirgjöf á tilteknum skuldbindingum gæti leitt til verðmætataps þegar skuldbindingar þessar eru hluti af arðbærri starfsemi sem annars myndi auka verulega við verðgildi bankans, eins og t.d. sala til kaupanda í einkageiranum. Skilavald getur aðeins undanskilið skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá eftirgjöf ef sá hluti verðmætanna sem haldið er eftir væri fullnægjandi til að bæta (hugsanlega) stöðu lánardrottna sem ekki fá undanþágu andstætt stöðu þeirra ef viðkomandi skuldbindingar hefðu ekki verið undanskildar frá eftirgjöf. Skilavöldum er því heimilt að undanskilja skuldbindingar frá eftirgjöf skv. d-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þegar ávinningur undanþágu fyrir aðra lánveitendur myndi vega þyngra en framlag þeirra til að bera tap og til endurfjármögnunar ef ekki hefði komið til undanþágu. Þannig getur þetta til dæmis verið þegar greinilega er hægt að ákvarða varðveitt verðmæti út frá samsvarandi hækkun endurgjalds sem kaupandi í einkageiranum reiðir fram.
- 27) Ákvæði 16. mgr. 36. gr. og 5. mgr. 49. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í þeirri röð, veita framkvæmdastjórninni heimild til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla sem varða verðmat sem snýr að skilameðferð og verðmat á afleiðum, í tengslum við mat á hugsanlegum ávinningi með tilliti til varðveislu á virði undanþágu frá eftirgjöf. Viðbótartap getur, með hliðsjón af viðeigandi aðferðafræði, komið í ljós frá og með endanlegu uppgjöri afleiðna og reynst meira en hugsanleg eftirgjöf viðeigandi skuldbindingar og orsakar þar með frekari tap sem gæti aukið byrði eftirgjafar fyrir aðra lánardrottna stofnunar í skilameðferð. Viðbótartap getur komið til vegna endurnýjunarkostnaðar sem mótaðili hefur stofnað til eða kostnaðar sem stofnun í skilameðferð hefur stofnað til í því skyni að koma aftur á fót opnum áhættuvörnum sem endurspeglast ekki í virði afleiðunnar við áframhaldandi rekstur. Við slíkar aðstæður ætti skilavaldið að meta hvort verðlækkun myndi þýða að tap sem lánardrottnar sem ekki fengu undanþágu bera yrði hærra en ef viðkomandi skuldbinding væri undanþegin frá eftirgjöf. Hreinar tilgátur um væntingar um hugsanlega hækkun á virði geta ekki verið grundvöllur fyrir undanþágu.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Efni**

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur sem tilgreina frekar undantekningartilvik sem kveðið er á um í 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þegar skilavaldi er heimilt að undanskilja, að fullu eða að hluta, ákveðnar skuldbindingar frá beitingu niðurfærslu- eða umbreytingarheimilda þegar eftirgjafarúrræðið er notað.

2. Skilavald sem aðildarríki tilnefnir skal beita ákvæðum þessarar reglugerðar í samræmi við 3. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, svo og sameiginleg skilastjórn innan ramma þeirra verkefna og valdheimilda sem hún hefur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014<sup>(2)</sup>.

*2. gr.*

#### **Gildissvið**

Reglugerð þessi gildir um einingar sem um getur í a- til e-lið í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

*3. gr.*

#### **Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Í þessari reglugerð gilda jafnframt eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „Bein smitun“: aðstæður þar sem beint tap mótaðila stofnunar í skilameðferð, sem orsakast af niðurfærslu skuldbindinga stofnunarinnar, leiðir til vanskila eða líklegra vanskila þessara mótaðila innan skamms tíma.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinnar verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilastjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

- 2) „Óbein smitun“: aðstæður þar sem niðurfærsla eða umbreyting á skuldbindingum stofnunar veldur neikvæðum viðbrögðum markaðsaðila sem leiða til alvarlegrar röskunar á fjármálakerfinu sem getur hugsanlega skaðað raunhagkerfið.

#### 4. gr.

##### Almenn ákvæði

1. Skilavöld skulu ekki undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá eftirgjöf nema hún falli undir skrána yfir skuldbindingar í 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
2. Byggja skal ákvörðun skilavalds um að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá beitingu eftirgjafarúrræðisins skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB á greiningu á stofnun í skilameðferð í hverju tilviki fyrir sig og skal ekki vera sjálfkrafa.
3. Þegar skilavald skoðar undanþágur skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, og áður en það undanskilur algjörlega skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá eftirgjöf, skal það fyrst taka til athugunar hvort hægt sé að undanskilja skuldbindingu að hluta með því að takmarka umfang niðurfærslu hennar, þegar hægt er.
4. Þegar skilavald ákvarðar hvort undanskilja ætti skuldbindingu skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal það meta hvort skilyrði hennar hafi verið uppfyllt þegar eftirgjafarúrræðinu var beitt gagnvart stofnuninni. Mat þetta skal vera með fyrirvara um skuldbindingu skilavaldsins til að fylgja skilaaætluninni, eins og sett er fram í 87. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
5. Byggja skal ákvörðun um að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá beitingu eftirgjafarúrræðisins skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB á að minnsta kosti einu þeirra markmiða skilameðferðarinnar sem lýst er í 2. mgr. 31. gr. þeirrar tilskipunar.
6. Ákvörðun um að undanskilja, að fullu eða að hluta, skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá beitingu eftirgjafarúrræðisins skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem myndi fela í sér notkun skilasjóðs, skal vera tilhlýðilega rökstudd, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að halda áfram á grundvelli sérstakra aðstæðna í hverju tilviki.
7. Ef skilavald hefur gengið út frá því að skuldbinding eða flokkur skuldbindinga gæti á trúveðugan og framkvæmanlegan stuðlað að tapgleypni og endurfjármögnun og að þessar skuldbindingar myndu ekki uppfylla kröfur um undanþágu skv. 3. mgr. 44. gr., skal það útskýra sérhvern eftirfarandi lið ef það ákveður síðan að undanskilja, að fullu eða að hluta, skuldbindingu eða flokk skuldbindinga skv. 3. mgr. 44. gr. sem myndi fela í sér að færa tap yfir á skilasjóð:
  - a) undantekningartilvik, sem eru frábrugðin þeim þegar áætlanir um skilameðferð eru gerðar, þannig að undanskilja verður þessar skuldbindingar frá eftirgjöf þegar skilaaðgerð fer fram,
  - b) hvers vegna undanþága er nauðsynleg og sérstaklega hvers vegna ekki var hægt að sjá fyrir undantekningartilvikin sem leiddu til hennar við gerð áætlana um skilameðferð,
  - c) ef kveðið var á um nauðsyn undanþágu í skilaaætlun, hvernig skilavaldið tók tillit til þessarar nauðsynjar til að komast hjá því að undanþágan yrði til að hindra skilabærni.
8. Þegar skilavald ákveður hvort veita eigi skuldbindingu eða flokki skuldbindinga undanþágu, að fullu eða að hluta, skv. a-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ef undanþágan felur í sér að færa tap yfir á skilasjóð, skal það einnig útskýra:
  - a) hvernig/hvort kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar hafi verið uppfylltar og
  - b) hvers vegna ekki var hægt að takast á við þörfina fyrir undanþágu með viðeigandi matsaðferð skv. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
9. Þegar skilavald ákveður hvort veita eigi skuldbindingu eða flokki skuldbindinga undanþágu, að fullu eða að hluta, til að vernda áframhald á nauðsynlegum starfsþáttum og kjarnastarfsemi skv. b-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal það, ef undanþágan felur í sér að færa töp yfir á skilasjóðinn, einnig útskýra:
  - a) hvernig/hvort kröfurnar sem mælt er fyrir um í 7. gr. þessarar reglugerðar hafa verið uppfylltar,
  - b) hvers vegna skuldbindingarnar sem verða undanþegnar eru mikilvægari fyrir áframhald skýrt tilgreindra, nauðsynlegra starfsþátta eða kjarnastarfsemi en skuldbindingar sem ekki fengu undanþágu.
10. Þegar skilavald undanskilur skuldbindingu eða flokk skuldbindinga, að fullu eða að hluta, til að komast hjá útbreiðslu smits skv. a-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal það, ef undanþágan felur í sér að færa tap yfir á skilasjóð, einnig útskýra:
  - a) hvernig/hvort kröfurnar sem mælt er fyrir um í 8. gr. þessarar reglugerðar hafa verið uppfylltar,
  - b) ástæður þess að líklegra sé að undanþegnar skuldbindingar valdi útbreiðslu smits af þeirri tegund sem lýst er í c-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB en þær sem ekki eru undanþegnar.

11. Þegar skilavald ákveður hvort veita eiga skuldbindingu eða flokki skuldbindinga undanþágu, að fullu eða að hluta, skv. a-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal það, ef undanþágan felur í sér að færa tap yfir á skilaskjöld, einnig útskýra hvernig/hvort kröfurnar sem mælt er fyrir um í 9. gr. þessarar reglugerðar eru uppfylltar.

5. gr.

**Undanþága á grundvelli þess að ekki er hægt að beita eftirgjöf skv. a-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB**

1. Skilavöldum er aðeins heimilt að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá beitingu eftirgjafarúrræðisins þegar hindranir, sem skírskotað er til við slíka beitingu, koma í veg fyrir að unnt sé að grípa til úrræðisins innan hæfilegs frests, þrátt fyrir bestu viðleitni skilavaldsins.
2. Skilavöld skulu einkum, að því er varðar 1. mgr., uppfylla eftirfarandi skilyrði áður en þau taka ákvörðun um undanþáguna sem þar er vísað til:
  - a) skyldu skilavalds til að setja fram í skilaáætlun lýsingu á ferlum til að tryggja að umbeðnar upplýsingar að því er varðar matsgerð skv. 36. og 49. gr. tilskipunar 2014/59/ESB verði tiltækar innan viðeigandi tímamarka,
  - b) skyldu skilavaldsins til að takast á við hindranir á skilabærni stofnunarinnar, þ.m.t. aðstæður sem leiða til hugsanlegrar undanþágu sem hægt væri að sjá fyrir við gerð áætlana um skilameðferð þegar þessar hugsanlegu undanþágur teljast til hindrana á skilabærni.

6. gr.

**Hæfilegur frestur**

1. Þegar skilavöld leitast við að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá eftirgjöf skv. a-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og til að ákvarða hvað telst „hæfilegur frestur“, skulu þau ákvarða eftirfarandi:
  - a) hvenær fjárhæð niðurfærslu verður endanlega ákveðin,
  - b) hvenær öll verkefni, sem þörf er á til eftirgjafar skuldbindinga, verða að hafa komist í framkvæmd til að uppfylla markmið skilameðferðar, að teknu tilliti til aðstæðna þegar gripið var til skilaaðgerðar.
2. Þegar skilavöld ákveða kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. málsgrein, skulu þau meta eftirfarandi:
  - a) þörfina á að birta ákvörðun um eftirgjöf til að ákvarða fjárhæð eftirgjafar og lokaúthlutun hennar til ýmissa flokka lánardrottna,
  - b) afleiðingar þess að seinka slíkrri ákvörðun á tiltrú markaðarins, hugsanleg viðbrögð markaðarins, eins og útstreymi lausafjár, og skilvirkni skilaaðgerðar, að teknu tilliti til beggja eftirfarandi atriða:
    - i. hvort markaðsaðilum er kunnugt um erfiðleika og hættu á greiðsluþroti stofnunarinnar,
    - ii. hvort markaðsaðilar gera sér grein fyrir afleiðingum erfiðleika eða hugsanlegs greiðsluþrots stofnunar,
  - c) opnunartíma markaða að því marki sem þeir hafa áhrif á áframhald nauðsynlegra starfsþátta og smitáhrif,
  - d) viðmiðunardagsetning(ar) þegar eiginfjákröfur þurfa að hafa verið uppfylltar,
  - e) dagsetningar þegar greiðslur stofnunarinnar falla í gjalddaga og binditíma hlutaðeigandi skuldbindinga.

7. gr.

**Undanþága á grundvelli varðveislu tiltekinna nauðsynlegra starfsþátta skv. b-lið 3. mgr. 44 gr. tilskipunar 2014/59/ESB**

1. Skilavöldum er heimilt að undanskilja skuldbindingar eða flokk skuldbindinga á grundvelli þess að nauðsynlegt er og hóflegt að

varðveita tiltekna nauðsynlega starfsþætti ef skilavöld telja að skuldbinding eða flokkur skuldbindinga sé tengdur nauðsynlegum starfsþætti, en sú skuldbinding eða flokkur skuldbindinga ætti ekki að njóta eftirgjafar að því er varðar áframhald hins mikilvæga starfsþáttar ef öðrum eftirfarandi þátta hefur verið fullnægt:

- a) eftirgjöf skuldbindingar eða flokks skuldbindinga myndi grafa undan starfsþættinum vegna aðgengis að fjármögnun eða hæðis gagnvart mótaðilum, eins og mótaðilum í áhættuvörnum, þjónustuaðilum innviða eða þjónustuveitendum stofnunarinnar sem gætu ekki eða vildu ekki halda áfram viðskiptum við stofnunina í kjölfar eftirgjafar,
- b) viðkomandi nauðsynlegur starfsþáttur er veitt þjónusta stofnunarinnar til þriðju aðila sem treysta á að framkvæmd skuldbindingarinnar sé óslitin.

2. Skilavöldum er aðeins heimilt að undanskilja skuldbindingar sem þörf er á vegna áhættustýringar (áhættuvarnar) í tengslum við nauðsynlega starfsþætti þegar báðum eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

- a) áhættustýring (áhættuvörn) er viðurkennd varúðarráðstöfun og er nauðsynleg til að viðhalda starfsemi sem tengist nauðsynlegum starfsþáttum,
- b) útilokað yrði fyrir stofnunina að skipta úr frágenginni áhættustýringarráðstöfun með sanngjörnum skilmálum innan þeirra tímamarka sem krafist er til að viðhalda nauðsynlegum starfsþætti.

3. Skilavöldum er aðeins heimilt að undanskilja skuldbindingar í þeim tilgangi að viðhalda fjármögnunarsambandi þegar báðum eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

- a) skilavaldið metur að fjármögnunin sé nauðsynleg til að viðhalda nauðsynlegum starfsþætti,
- b) útilokað væri fyrir stofnunina, í ljósi 6. gr. þessarar reglugerðar, að afla nýrrar fjármögnunar í stað hinnar fyrri innan þeirra tímamarka sem krafist er til að viðhalda nauðsynlegum starfsþætti.

4. Skilavöld skulu ekki undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga einungis á grundvelli eins af eftirfarandi:

- a) binditíma hennar,
- b) væntrar hækkunar fjármögnunarkostnaðar sem teflir áframhaldi nauðsynlegs starfsþáttar ekki í tvísýnu,
- c) væntingar um hugsanlegan framtíðarhagnað.

5. Skilavöldum er heimilt að undanskilja skuldbindingar eða flokk skuldbindinga á grundvelli þess að nauðsynlegt er og hóflegt að varðveita kjarnastarfsemi þegar undanþága þeirrar skuldbindingar er mikilvæg fyrir möguleika stofnunar í skilameðferð til að halda áfram lykilstarfsemi, þjónustu og viðskiptum og til að ná markmiðum skilameðferðar sem sett eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

8. gr.

#### **Undanþága á grundvelli þess að komast hjá útbreiddri smitun skv. c-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB**

1. Þegar skilavöld taka til athugunar undanþágur sem grundvallast á hættu á beinni smitun skv. c-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ættu þau að meta samtengingu stofnana í skilameðferð við mótaðila sína eins nákvæmlega og mögulegt er.

Matið, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal a.m.k. taka til eftirfarandi atriða:

- a) athugunar á áhættuskuldbindingum gagnvart viðkomandi mótaðilum að því er varðar hættuna á að eftirgjöf slíkra áhættuskuldbindinga gæti valdið keðjuverkandi greiðsluþrotum,
- b) kerfilægt mikilvægi mótaðila sem eru í hættu á að lenda í greiðsluþroti, einkum að því er varðar aðra fjármálamarkaðsaðila og innviðaveitendur á fjármálamarkaði.



2. Þegar skilavöld taka til athugunar undanþágur sem grundvallast á hættu á óbeinni smitun skv. c-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ættu þau að meta, að svo miklu leyti sem unnt er, þörfina fyrir og meðalhóf undanþágunnar sem byggist á mörgum hlutlægum viðkomandi vísun. Vísarnir, sem geta skipt máli fyrir umrætt tilvik, fela meðal annars í sér eftirfarandi:

- a) fjölda, stærð og samtengingu stofnana með svipaða eiginleika og stofnunin í slitameðferð, að því marki sem þetta gæti valdið útbreiddum skorti á tiltrú á bankageiranum eða fjármálakerfiinu almennt,
- b) fjölda einstaklinga sem eftirgjöfin, sýnileikinn og umfjöllun fjölmiðla um skilaaðgerðina hefur bein eða óbein áhrif á, að því marki sem þetta felur í sér töluverða hættu á að grafið verði undan heildartiltrú á bankakerfinu eða fjármálakerfinu almennt,
- c) fjölda, stærð og samtengingu mótaðila sem verða fyrir áhrifum af eftirgjöfinni, þ.m.t. markaðsaðila utan bankageirans og mikilvægi nauðsynlegra starfsþátta sem þessir mótaðilar framkvæma,
- d) hæfni mótaðila til að tengjast öðrum þjónustuveitendum vegna starfsemi sem hefur verið metin staðgönguhæf, miðað við hinar sérstöku aðstæður,
- e) hvort verulegur fjöldi mótaðila myndi draga fjármögnun til baka eða hætta viðskiptum við aðrar stofnanir í kjölfar eftirgjafar eða hvort markaðir myndu hætta að starfa eðlilega sökum eftirgjafar slíkra markaðsaðila, einkum þegar um er að ræða almennt dvinandi tiltrú markaðarins eða uppnám,
- f) útbreidda afturköllun á skammtímafjárfestingu eða háum fjárhæðum innlagna,
- g) fjölda, stærð eða mikilvægi stofnana sem hætta er á að uppfylli skilyrði fyrir snemmbærum inngrípum eða uppfylli skilyrði greiðsluþrots eða fyrirsjáanlegs greiðsluþrots skv. 4. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- h) hættu á að rekstur nauðsynlegra starfsþátta leggist af í ríku mæli eða verð fyrir afhendingu slíkra þátta hækki verulega (eins og sést í breytingum á markaðsaðstæðum fyrir slíka þætti eða tiltækileika þeirra), eða væntingar mótaðila og annarra markaðsaðila,
- i) útbreidda verulega lækkun á hlutabréfaverði stofnana eða á verði eigna sem stofnanir ráða yfir, einkum þegar það getur haft áhrif á eiginfjárstöðu stofnana,
- j) almenna og útbreidda, verulega lækkun á fjármögnun til skamms tíma eða meðallangs tíma sem er tiltæk stofnunum,
- k) verulega virðisrýrnun á starfsemi á millibankafjármögnunarmarkaði, eins og greinilega má sjá á verulegri aukningu á kröfum um tryggingarþekju eða fækkun trygginga sem stofnunum standa til boða,
- l) útbreidda og verulega verðhækkun á skuldtryggingum eða rýrnun á lánshæfismati stofnana eða annarra markaðsaðila sem eru mikilvægir fyrir fjárhagsstöðu stofnana.

9. gr.

#### **Undanþága á grundvelli þess að komast hjá virðisrýrnun skv. d-lið 3. mgr. 44. gr. tilskipunar 2014/59/ESB**

1. Skilavöldum er heimilt að undanskilja skuldbindingu eða flokk skuldbindinga frá eftirgjöf þegar með slíkri undanþágu yrði komist hjá skerðingu verðmæta svo að eigendur skuldbindinga sem ekki njóta eftirgjafar myndu vera betur settir en ef fyrrnefnd skuldbinding eða flokkur skuldbindinga fengju eftirgjöf.

2. Til að skilavöld geti lagt mat á hvort skilyrðum í 1. mgr. sé fullnægt, skulu þau bera saman og meta niðurstöður fyrir alla lánardrottna sem leiða af hugsanlegri eftirgjöf og án eftirgjafar, í samræmi við 16. mgr. 36. gr. og 5. mgr. 39. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

10. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---